

Fundur stjórnar ÆSKP 30. júní 2020 í Grensáskirkju

Mætt: Jóhanna Ýr, Berglind, Katrín Helga, Aldís Elva, og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl. 17.11

Gleðigangan

Jónína fer á fund með Pétri Markan á fimmtudaginn. Biskupstofu tók vel í hugmyndina okkar varðandi Gleðigönguna. Þessi hugmynd er nú komin inn á heimasíðu Hinsegin daganna. Þ.e.a.s. hugmynd um að kirkjur/fólk taki sig til og gangi í gleði hvar sem það er statt á landinu kl. 14 á landinu laugardaginn 8. ágúst.

Pétur ætlar að hjálpa okkur að taka biskupstofu með í þetta verkefni, með því að koma skilaboðunum áleiðis og virkja sitt tengslanet.

Fundur með biskupsritara

Stjórn ÆSKP og framkvæmdarstjóri átti mjög góðan fund með biskupsritara þar sem rætt var um stöðu félagsins og æskulýðsmála almennt.

Landsmót

Það þarf að kalla saman landsmótsnefnd bráðlega. Við fengum nokkrar umsóknir.

Það er ekki búið að útvíkka fjölgunarbannið úr 500 í 2000 eins og stóð til að gera. Náðin á mótum er líka mikil svo við þurfum að hafa það í huga.

Ef að við getum ekki haldið landsmót vegna Covid19 þá stefnum við að því að halda fjórðungsmót á mismunandi landshlutum.

Mögulega gætum við þurft ráðgjöf frá sóttvarnarteymi um hvenær við tökum ákvörðun af eða á. Síðasta tækifærið er í byrjun/ um miðjan september. En þangað til skipuleggjum við mótið eins og við höldum það með hefðbundnum hætti.

Þjóðhátíð er eina hátíð sumarsins sem er eftir svo það gæti verið viðmið fyrir okkur hvernig það gengur. Öll stóru fótboltamótin eru ennþá og það var fótboltamót á Sauðárkróki síðustu helgi.

Á landsmóti þarf að vera tilbúið sóttvarnarrými og í aðgerðaráætlun þarf að koma fram hvað mun gerast ef að smit kemur upp á mótinu.

Persónuverndarlögin gilda ekki í neyðarástandi svo að við þurfum að fá símanúmer þátttakenda til að geta haft samband við alla ef eitthvað kemur upp á. Við þurfum að passa upp á að hafa nóg af spritti á mótinu.

Öll aðstaða á Sauðarkróki er til fyrirmyndar og viðhorfið þar sem dásamlegt.

Landsmótsnefnd:

Framkvæmdarstjóri: Jónína.

Landsmótsstjóri: Jóhanna.

Fjölmiðlafulltrúi: Danni.

Sviðsstjóri: Hákon Darri.

Viðburðastjóri: Bella.

Tæknistjóri: Aldís.

Tæknimaður og öryggisfulltrúi: Kristján Ágúst Kjartansson.

Veitingastjóri: Jónína.

Vaktstjóri: Konný Björg Jónasdóttir og Anna Lilja.

L0: Jens og Anna Lilja.

Gjaldkeri: Katrín.

Heimabær: Dalla.

Kallað verður á Landsmótsnefndarfund

Fundi slitið kl. 18.10